



Framkvæmda- fréttir 13. tbl. / 11



Nú er verið að leggja lokahönd á nýjan Bræðratunguveg sem liggur frá Biskupstungnabraut við Reykholt, yfir Hvítá á nýrri brú og austur að Flúðum. Umferð var hleypt á veginn sl. haust en nú er verið að leggja á hann bundið slitlag og lýkur því í þessum mánuði. Einnig er unnið að ýmsum frágangi.

Frá Rannsóknasjóði Vegagerðarinnar

Árlega veitir Vegagerðin styrki til rannsóknaverkefna. Styrkirnir eru fjármagnaðir af svonefndu tilraunafé, sem er nú 1,5% af mörkuðum tekjum stofnunarinnar. Velflestum verkefnum lýkur með því að skrifaðar eru skýrslur og eru þær settar á heimasíðu Vegagerðarinnar öllum opnar til skoðunar. Hér á eftir er gerð órstutt grein fyrir efni nokkurra af þeim skýrslum sem komið hafa út, en nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Vegagerðarinnar (www.vegagerdin.is), undir „Upplýsingar og útgáfa / Rannsóknaskýrslur“.

Ferðamannavegir á hálendi Íslands júní 2010

Markmið verkefnisins var að greina vegi hálendisins með það að markmiði að velja út ákveðið mengi vega sem koma til greina sem ferðamannavegir miðað við ákveðnar skilgreiningar. Í skýrslunni er birt tafla yfir þá vegi sem skoðaðir eru og spurningunni um hvort þeir séu

mögulegir ferðamannavegir svarað. Með þessu hefur tekist að setja saman mynd og yfirlit yfir mögulega ferðamannavegi á hálendi Íslands. Þar með er stigið fyrsta skrefið í skipulagningu slíkra vega á hálendinu.



Umferðaröryggisúttekt vega júlí 2010

Um er að ræða rit sem fellur undir handbækur og leiðbeiningar Vegagerðarinnar. Umferðaröryggisúttekt felst í því að reglulega (á 3-5 ára fresti) fer fram skoðun á vegakerfinu þar sem sjónum er beint að ýmsum öryggisþáttum í þeim tilgangi að finna það sem betur má fara. Við úttektina eru notaðir gáttlistar til að meta útfærslu sem flestra öryggisþátta,

framhald í opnu

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 13. tbl. 19. árg. nr. 569 11. júlí 2011

Ritsjórn
og umsjón útgáfu:
**Viktor Arnar
Ingólfsson**
Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: Oddi


Ósk um áskrift sendist til:
Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík
eða með tölvupósti til:
vai@vegagerdin.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðs-
framkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt,
útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og
samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttæfni sem
verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka.
Útgáfa er óregluleg og nokkrar vikur geta liðið milli tölublaða.
Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur, fjölmiðlar og
áhugafólk. Áskrift er endurgjaldslaus.

eins og hvernig umhverfi vega, yfirborðsmerkingar, vegrið og þess háttar standast öryggiskröfur. Í fylgiskjali með ritinu er dæmi um umferðaröryggisúttekt á Þingvallavegi, sem gerð var vorið 2010.

Hönnun breikkana júlí 2010

Ritið fellur undir handbækur og leiðbeiningar Vegagerðarinnar. Núverandi breidd þjóðvega er almennt frá 6,5 upp í 7,5 m, en æskileg breidd er talin vera á bilinu 8,5-10 m. Í ritinu eru lýsing á því hvernig skal hanna breikkanir vega, sem hafa fengið langaverandi þjöppun undan umferð. Markmið leiðbeininganna er að allar breikkanir vega verði þannig úr garði gerðar, að ekki verði vart mismunar á yfirborði þótt gamall vegur hafi verið breikkaður og akbrautin gangi yfir samskeyti gömlu uppbyggingarinnar og breikkunarinnar. Farið er yfir nauðsynlega gagnasöfnun og rannsóknir og hvernig skuli staðið að framkvæmdum.



Evrópskir vegir stjórnumerktir öryggisins vegna – Eurorap, lokaskýrsla fyrsta áfanga 2010 sept. 2010

Í skýrslunni er greint frá niðurstöðum fyrsta áfanga Eurorap öryggisúttekt vega. Fram kemur að við upphaf verkefnisins hafi margir átt von á því að vegakerfið fengi harkalega útreið. Hins vegar megi segja að svo hafi ekki verið. Vissulega koma fram mörg atriði og margir staðir þar sem úrbóta er þörf, en einnig eru langir kaflar þar sem umhverfi vega er með besta móti og engra eða lítilla aðgerða er þörf. Í greinargerðinni eru niðurstöður settar fram á kortum, fyrir ýmis atriði sem lúta að öryggi vega.



Niðurstöður útboða

Breiðadals- og Botnsheiði, endurbætur á rafkerfi ganga 11-036

Tilboð opnuð 28. júní 2011. Endurbætur á rafkerfi ganga undir Breiðadals- og Botnsheiði. Um er að ræða endurnýjun á iðntölvum í öllum stjórnskápum auk nauðsynlegra breytinga á skápunum, I/O einingar (dreifðar inn- og útgangseiningar) sem staðsettar verða í nær öllum neyðarsímaskápum með reglulegu millibili í öllum leggjum ganganna, neyðarsímaskápar (sími og slökkvitæki), blikkljós, lokunarbómur, dreifiskápar, varaafli og tilfærsla á fjarskiptaskápum (TETRA) og uppsetning á loftnetum.

Helstu magnþölur eru:

Aflstrengir	12.000 m
Ljósleiðari – single mode, 4 leiðari	10.000 m
Ljósleiðari – single mode, 24 leiðari	9.000 m
Síma- og slökkvitækjaskápar	62 stk.
Dreifiskápar utan tæknirýma	7 stk.
Varaafli	8 stk.
Upplýst umferðarskilti	89 stk.

Verkinu skal að fullu lokið 15. mars 2012.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
6 ÍAV hf., Reykjavík	218.682.742	160,9	99.985
5 Rafal ehf., Hafnarfirði	148.578.092	109,3	29.881
4 Rafmiðlun hf., Kópavogi	148.460.862	109,2	29.763
--- Áætlaður verktakakostnaður	135.905.303	100,0	17.208
3 Tengill ehf., Sauðárkróki	135.818.130	99,9	17.121
2 Rafmenn ehf., Akureyri	134.807.176	99,2	16.110
1 Rafskaut ehf., Ísafirði	118.697.395	87,3	0

Vistvænar almenningsamgöngur í dreifbýli okt. 2010

Markmið verkefnisins var að athuga hvaða valkostir væru til staðar til að gera almenningsamgöngur á landsbyggðinni umhverfislega hagkvæmari enn þær eru í dag, sérstaklega miðað við Austurland. Kannað var hvaða valkostir liggja fyrir sem vistvænt eldsneyti á Austurlandi. Niðurstaða verkefnisins var sú að miðað við núverandi aðstæður er hagkvæmast að nota lífdísil. Hagkvæmt er að nýta það hráefni sem fellur til á Austurlandi til framleiðslunnar. Þessi lausn þýðir um 4,4-9,3% minnkun á útblæstri frá almenningsamgöngum á Austurlandi á ársgrundvelli miðað við núverandi akstur.

Könnun á ferðavenjum sumarið 2010 okt. 2010

Skýrslan fjallar um ferðavenjukönnun sem unnin er fyrir samgönguyfirvöld og kostuð af Vegagerðinni og ISAVIA. Markmiðið er að fá skýra mynd af ferðavenjum innanlands og breytingum á þeim. Í niðurstöðum kemur fram að ferðir

Styrking og yfirlögn

á Norðaustursvæði 2011 11-013

Tilboð opnuð 28. júní 2011. Styrking og lögn tvöfaldrar klæðingar á Norðausturvegi í Suður - Þingeyjarsýslu. Um er að ræða þrjú vegkafla, alls um 4,5 km.


Helstu magnþölur eru:

Festun með froðubiki	5.200 m ²
Purrfræsun og styrking með mól	17.200 m ²
Tvöföld klæðing	21.900 m ²
Einföld klæðing	6.300 m ²

Verki skal að fullu lokið 1. september 2011.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
--- Áætlaður verktakakostnaður	23.500.000	100,0	2.899
1 Árni Helgason ehf., Ólafsfirði	20.600.505	87,7	0

út fyrir sveitarfélög eru færri nú en tímabilið 2007-2008. Breytingar á ferðavenjum eru ekki miklar, þótt ferðum með einkabílum fara hægt fækkandi. Notkun á innanlandsflugi hefur dalað frá fyrri könnunum. Notkun einkabíls hefur dregist saman á höfuðborgarsvæðinu miðað við 2007-2008 og svarendur sem búa vestan Kringlumýrarbrautar nota einkabílinn minna en aðrir íbúar höfuðborgarsvæðisins. Breyting hefur orðið á viðhorfum höfuðborgarbúa til framkvæmda, bættar almenningssamgöngur og betri göngu- og hjólastígar eru mest nefnt nú, miðað við flýtingu á Sundabraut og bætingu stofnbrautarkerfis áður.



Skipulag höfuðborgarsvæðisins – sjálfbær þróun í samgöngum – áfangaskýrsla

okt. 2010
Þessi áfangaskýrsla verkefnisins fjallar um samgöngur hjólréiðamanna og gangandi vegfarenda. Í skýrslunni er farið yfir helstu markmið og leiðir varðandi gangandi og hjólandi samgöngur í skipulagsgögnum sveitarfélögunna á höfuðborgarsvæðinu og öðru útgefnu efni tengdu skipulagi þeirra. Lagðar eru fram tillögur um megin samgönguæðar og stígakerfi fyrir hjólandi og gangandi umferð á höfuðborgarsvæðinu. Í skýrslunni er bent á að til að ná metnaðarfullu markmið Reykjavíkurborgar um að fjölga hjólandi og gangandi vegfarendum upp í 30% á 10 ára tímabili sé ekki nóg að útbúa fáeina hjólastíga og fræða fólk um gildi hjólréiða, heldur þurfi að huga að samgöngumálum frá öllum hliðum. Verkefnið er hluti af enn stærra verkefni sem ber heitið Betri borgarbragur.

Breyttar áherslur í vali slitlaga

október 2010.
Í skýrslunni eru fjallað um hagkvæniathugun sem gerð var með það fyrir augum að setja fram tillögur að umferðarmörkum sem gefa til kynna hvort eða hvenær megi teljast hagkvæmt að skipta um slitlagsgærd (malarslitlag í klæðingu eða úr klæðingu í malbik) á tveggja akreina vegi í dreifbýli. Hagkvæniathugið er miðað við núvirkisreikninga fyrir 20 ára tímabil og tekur fyrst og fremst mið af stofn- og viðhaldskostnaði en höfðu hliðsjón af kostnaði vegfarenda og samfélagslegum kostnaði. Niðurstöður eru að hagkvæmt sé að breyta malarslitlagi í klæðingu þegar umferð hefur náð 65-70 ÁDU. Klæðingarslitlagi er ekki hagkvæmt að breyta í malbiksslitlag meðan umferðin er undir 5.000 ÁDU en samanburðurinn náði ekki til meiri umferðar. Fram kemur að breytingar á forsendum geti haft áhrif á þetta mat, en þó ekki séu breytingar innan hóflegra marka, eins og það er orðað.

Sprautusteypustyrkingar

– Hagkvæmni mismunandi aðferða

nóvember 2010.

Verkefnið fólst í að meta kosti og galla þess að klára sem mest sprautusteypu bergstyrkingar samhliða gangagerð, eða skipta styrkingum upp í vinnustyrkingar annars vegar og lokastyrkingar hins vegar. Jafnframt átti að bera saman mismunandi uppgjörsaðferðir fyrir sprautusteypu, annars vegar miðað við magn frá steypustöð eða flöt á bergveggjum. Samanburðurinn var gerður við gangagerð Óshlíðarganga annars vegar og Héðinsfjarðarganga hins vegar. Niðurstöður voru að miðað við afkasta- og tímamælingar virðist lítilt tímasparnaður í að klára styrkingar samhliða grefri. Varðandi uppgjör benda niðurstöður til að þegar áætla á magn steypu miðað við m³ frá steypustöð, þarf að margfalda kennimagn (=þykkt x kenniflötur ganga) með 1,6-1,7. Fyrir sæmilega gott berg er þykktarviðmið betri uppgjörsmáti fyrir styrkingar með steypuásprautun.



Auglýsingar útboða

Barðastrandarvegur (62), Hrísnésá, Hlaðseyrará og Raknadalsá

11-041

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í ræsa- og brúargerð á Barðastrandarvegi (62) í Vestur-Barðastrandarsýslu. Um er að ræða að setja stálræsi í stað tveggja einbreiðra brúa á Hrísnésá á Barðaströnd og Hlaðseyrará í Patreksfirði og byggja nýja tvíbreiða brú í stað einbreiðrar brúar á Raknadalsá í Patreksfirði. Innifalið í verkinu er rif á núverandi brúm.

Helstu magntölur eru:

Fylling	5.500 m ³
Fláafleygar	5.500 m ³
Skering	7.000 m ³
Neðra burðarlag	2.700 m ³
Frágangur fláa	11.200 m ²
Efnisvinnsla	1.000 m ³
Stálræsi d = 3,0 m	72 m
Stálræsi d = 2,6 m	36 m
Mót	650 m ²
Járnalögn	22.000 kg
Steypa	250 m ³

Verkinu skal að fullu lokið eigi síðar en 1. nóvember 2011.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Dagverðardal á Ísafirði og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með þriðjudeginum 12. júlí 2011. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudeginum 26. júlí 2011 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaedeildar. Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
11-039 Hringvegur (1), göngubrú við Krikahverfi í Mosfellsbæ	2011
11-040 Hafnarfjarðarvegur (40), gatnamót í Engidal, endurbætur	2011
11-020 Vetrarþjónusta 2011-2014, Þingeyri - Flateyri - Suðureyri	2011
11-019 Vetrarþjónusta 2011-2014, Brjánslækur - Bíldudalur	2011
11-017 Reykjanesbraut (41) undirgöng við Straumsvík	2011
11-012 Hringvegur (1), Norðausturvegur - Hróteyjarvísl, styrking og endurbætur	2011
11-005 Efnisvinnsla á Suðursvæði 2011	2011
Auglýst útboð	Auglýst: Opnað:
11-041 Barðastrandarvegur (62), Hrínesá, Hlaðseyrará og Raknadalsá	11.07.11 26.07.11
11-038 Niðurrekstrarstaurar á Vestfjörðum 2011	04.07.11 19.07.11
11-037 Festun og yfirlögn á Vesturlandi og Norðurlandi 2011	04.07.11 19.07.11
Útboð á samningaborði	Auglýst: Opnað:
11-013 Styrkingar og yfirlögn á Norðaustursvæði 2011	14.06.11 28.06.11
11-036 Breiðadals- og Botnsheiði, endurbætur á rafkerfi ganga	30.05.11 28.06.11

Útboð á samningaborði, framhald	Auglýst:	Opnað:
11-029 Upphéraðsvegur (931), Skeggjastaðir - Teigaból	30.05.11	15.06.11
11-030 Vetrarþjónusta 2011-2014, Vegamót - Borgarnes - Brattabrekka	30.05.11	15.06.11
11-021 Ólafsfjarðarvegur (82), snjófóðavarnir við Sauðanes	23.05.11	07.06.11
11-002 Yfirlagnir á Suðursvæði, klæðing 2011	09.05.11	24.05.11
10-057 Hringvegur (1) brú á Ystu - Rjúkandi	04.10.10	26.10.10
Samningum lokið	Opnað:	Samið
11-032 Yfirlagnir á Suðvestursvæði 2011, repave eða fræsing og malbik <i>Loftorka ehf., kt. 571285-0459</i>	24.05.11	15.06.11
11-031 Brú á Kópavogslæk (40), - viðgerð steypu <i>Magnús og Steingrímur ehf. kt. 650275-0129</i>	31.05.11	24.06.11
11-035 Yfirlagnir á Norðaustursvæði 2011, norðurhluti, klæðing <i>Borgarverk ehf. kt. 540674-0279</i>	31.05.11	24.06.11
11-034 Yfirlagnir á Norðaustursvæði 2011, austurhluti, klæðing <i>Geotækni ehf. kt. 680907-0640</i>	31.05.11	30.06.22
Forval í vinnslu	Auglýst:	Opnað:
11-018 Vaðlaheiðargöng	28.03.11	03.05.11
Útboð fellt niður, hætt við útboð		
11-004 Girðingar á Suðursvæði 2011		



Í vor voru boðin út nokkur verkefni í viðhaldi brúa á Vestfjörðum. Þessi verk eru nú í gangi og var myndin tekin við steypuvinnu á brú yfir Tunguá í Bitrufirði í lok júní.